

EES-viðbætur

við Stjórnartíðindi EB

ISSN 1022-9337

Nr. 10

2. árgangur

23.3.1995

I. EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

II. EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-rikkanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllinn

III. EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

95/EES/10/01	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 20. febrúar 1995 um skrá yfir starfsstöðvar í Fyrrum júgóslavneska lýðveldinu Makedóníu sem eru viðurkenndar í því skyni að flytja nýtt kjöt til bandalagsins.....	01
95/EES/10/02	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 16. febrúar 1995 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/324/EB um sérstök skilyrði fyrir innflutningi á fisk- og fiskeldisafurðum frá Indónesíu.....	01
95/EES/10/03	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 9. mars 1995 til samþykktar á útrýmingaráætlun vegna smitandi kverka- og barkabólgu í nautgripum í Svíþjóð.....	01
95/EES/10/04	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 9. mars 1995 um breytingu á ákvörðun 93/244/EBE og um viðbótarábyrgðir vegna Aujeszky-veiki í svínum sem á að senda til Austurríkis og Svíþjóðar.....	02
95/EES/10/05	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 10. mars 1995 um að heimila Finnlandi að taka upp strangari ákvæði vegna „Avena fatua“ í sáðkorni.....	02

95/EES/10/06	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92.....	02
95/EES/10/07	Heimild vegna ríkisaðstoðar samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki.....	02
95/EES/10/08	Birting ákvarðana aðildarríkjanna um að veita eða afturkalla rekstrarleyfi samkvæmt 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2407/92 um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugfélögum.....	03
95/EES/10/09	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir.....	04
3. Dómstóllinn		
95/EES/10/10	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna - Skipun dómara í deildir.....	06
95/EES/10/11	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna.....	06
95/EES/10/12	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi.....	08

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 20. febrúar 1995 um skrá 95/EES/10/01 yfir starfsstöðvar í Fyrrum júgóslavneska lýðveldinu Makedóníu sem eru viðurkenndar í því skyni að flytja nýtt kjöt til bandalagsins

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 20. febrúar 1995 um skrá yfir starfsstöðvar í Fyrrum júgóslavneska lýðveldinu Makedóníu sem eru viðurkenndar í því skyni að flytja nýtt kjöt til bandalagsins í Stjtið. EB nr. L 51, 8. 3. 1995. Starfsstöðvarnar í Fyrrum júgóslavneska lýðveldinu Makedóníu sem taldar eru upp í viðaukanum við ákvörðunina eru viðurkenndar í því skyni að flytja út nýtt kjöt til bandalagsins. Innflutningur frá þessum starfsstöðvum verður áfram háður reglum bandalagsins um dýraheilbrigði sem kveðið er á um annars staðar, einkum þeim sem kveða á um verndun heilbrigðis (sjá nánari útlitun í framannefndum Stjtið. EB).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 16. febrúar 1995 um 95/EES/10/02 breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/324/EB um sérstök skilyrði fyrir innflutningi á fisk- og fiskeldisafurðum frá Indónesíu

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 16. febrúar 1995 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/324/EB um sérstök skilyrði fyrir innflutningi á fisk- og fiskeldisafurðum frá Indónesíu

Stjtið. EB nr. L 44, 28. 2. 1995. Í stað viðauka B við ákvörðun 94/324/EB, sem er skrá yfir viðurkenndar starfsstöðvar, kemur viðauki við þessa ákvörðun (sjá nánari útlitun í framannefndum Stjtið. EB).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 9. mars 1995 til 95/EES/10/03 samþykktar á útrýmingaráætlun vegna smitandi kverka- og barkabólgu í nautgripum í Svíþjóð

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 9. mars 1995 til samþykktar á útrýmingaráætlun vegna smitandi kverka- og barkabólgu í nautgripum í Svíþjóð í Stjtið. EB nr. L 59, 17. 3. 1995. Í ákvörðuninni er áætlunin sem Svíþjóð lagði fram samþykkt til tveggja ára (sjá nánari útlitun í framannefndum Stjórnartíðindum).

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 9. mars 1995 um 95/EES/10/04
breytingu á ákvörðun 93/244/EBE og um viðbótarábyrgðir vegna
Aujeszky-veiki í svínum sem á að senda til Austurríkis og Svíþjóðar**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 9. mars 1995 um breytingu á ákvörðun 93/244/EBE og um viðbótarábyrgðir vegna Aujeszky-veiki í svínum sem á að senda til Austurríkis og Svíþjóðar í Stjtið. EB nr. L 59, 17. 3. 1995. Með þessari ákvörðun er tilvísun til Austurríkis og Svíþjóðar bætt við I. viðauka ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 93/244/EBE frá 2. apríl 1993 (sjá nánari útlistun í framannefndum Stjórnartíðindum).

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 10. mars 1995 95/EES/10/05
um að heimila Finnlandi að taka upp strangari ákvæði vegna
„Avena fatua“ í sáðkorni**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 10. mars 1995 um að heimila Finnlandi að taka upp strangari ákvæði vegna „Avena fatua“ í sáðkorni í Stjtið. EB nr. L 60, 18. 3. 1995. Ákvörðunin heimilar Finnlandi að fyrirskipa að óheimilt sé að markaðssetja sáðkorn á yfirráðasvæði sínu nema því fylgi opinbert vottorð úttefið í samræmi við ákvæði 11. gr. tilskipunar 66/402/EBE og uppfylli skilyrðin í 2. gr. tilskipunar 74/268/EBE.

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt a-lið 95/EES/10/06
1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92**

**Kveðið á um skyldu til að sinna opinberri þjónustu í áætlunarflugi
innan Breska konungsríkisins**

Breska konungsríkið hefur ákveðið, samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins, að kveða á um skyldu til að sinna opinberri þjónustu í áætlunarflugi á flugleiðinni: Stornoway/Benbecula/Barra (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 53, 4. 3. 1995).

**Heimild vegna ríkisaðstoðar samkvæmt 92. og 93. gr. 95/EES/10/07
EB-sáttmálans
Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki**

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað þýsku aðstoðaráætlunina „Framtak til umhverfis-vænnar framleiðslu í Austur-Berlín“, ríkisaðstoð nr. N 621/94 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 58, 8. 3. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað þýsku aðstoðina til að hvetja til rannsókna á nýrri skipasmíðatekni, ríkisaðstoð nr. N 784/93 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 58, 8. 3. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðina sem veitt var til International Drilling og Downhole Technology Center (IDDTC) í Skotlandi, ríkisaðstoð nr. N 246/94 og NN 134/94 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 58, 8. 3. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Spánn lagði fram til að styðja rannsóknarstarfsemi fyrirtækja með staðfestu í Andalúsíu, ríkisaðstoð nr. N 106/94 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 58, 8. 3. 1995).

95/EES/10/08

**Birting ákvarðana aðildarríkjanna um að veita eða afturkalla
rekstrarleyfi samkvæmt 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2407/92
um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugfélögum**

Ákvarðanir aðildarríkjanna um að veita eða afturkalla flugrekstrarleyfi samkvæmt 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2407/92 um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugfélögum⁽¹⁾, í A-flokki (án þeirra takmarkana sem um getur í a-lið 7. mgr. 5. gr. í reglugerð nr. 2407/92) og/eða B-flokki (með þeim takmörkunum sem um getur í a-lið 7. mgr. 5. gr. í reglugerð nr. 2407/92) voru birtar í Stjtið. EB nr. C 49, 28. 2. 1995.

Spánn hefur veitt einu flugfélagi í A-flokki og fjórum í B-flokki flugrekstrarleyfi.

Grikkland hefur veitt tveimur flugfélögum í A-flokki og einu í B-flokki flugrekstrarleyfi.

Ákvarðanir aðildarríkjanna um að veita eða afturkalla flugrekstrarleyfi samkvæmt 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2407/92 um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugfélögum⁽¹⁾, í A-flokki (án þeirra takmarkana sem um getur í a-lið 7. mgr. 5. gr. í reglugerð nr. 2407/92) og/eða B-flokki (með þeim takmörkunum sem um getur í a-lið 7. mgr. 5. gr. í reglugerð nr. 2407/92) voru birtar í Stjtið. EB nr. C 52, 3. 3. 1995.

Frakkland hefur veitt 39 flugfélögum í A-flokki og 59 í B-flokki flugrekstrarleyfi.

Breska konungsríkið hefur veitt fjórum flugfélögum í A-flokki og tíu í B-flokki flugrekstrarleyfi og afturkallað flugrekstrarleyfi eins flugfélags í B-flokki.

Þýskaland hefur veitt einu flugfélagi í A-flokki og 30 í B-flokki flugrekstrarleyfi og afturkallað flugrekstrarleyfi fjögurra flugfélaga í B-flokki.

Ákvarðanir aðildarríkjanna um að veita eða afturkalla flugrekstrarleyfi samkvæmt 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2407/92 um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugfélögum⁽¹⁾, í A-flokki (án þeirra takmarkana sem um getur í a-lið 7. mgr. 5. gr. í reglugerð nr. 2407/92) og/eða B-flokki (með þeim takmörkunum sem um getur í a-lið 7. mgr. 5. gr. í reglugerð nr. 2407/92) voru birtar í Stjtið. EB nr. C 58, 8. 3. 1995.

Breska konungsríkið hefur veitt þremur flugfélögum í A-flokki og 14 í B-flokki flugrekstrarleyfi og afturkallað flugrekstrarleyfi eins flugfélags í A-flokki og níu í B-flokki.

Ákvarðanir aðildarríkjanna um að veita eða afturkalla flugrekstrarleyfi samkvæmt 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2407/92 um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugfélögum⁽¹⁾, í A-flokki (án þeirra takmarkana sem um getur í a-lið 7. mgr. 5. gr. í reglugerð nr. 2407/92) og/eða B-flokki (með þeim takmörkunum sem um getur í a-lið 7. mgr. 5. gr. í reglugerð nr. 2407/92) voru birtar í Stjtið. EB nr. C 60, 9. 3. 1995.

Þýskaland hefur veitt þremur flugfélögum í B-flokki flugrekstrarleyfi.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 240, 24. 8. 1992, bls. 1.

Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir

95/EES/10/09

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða. (Stjtíð. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE. (Stjtíð. EB nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni.

Tilvísun ⁽¹⁾	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils ⁽²⁾
95-0030-B	Ráðherraþingarmáli um breytingu á ráðherraþingarmælum frá 27. júlí 1981 um skyldubundna framfylgd ýmissa staðla þar sem kveðið er á um leyfilegan straum í rafmagnsköplum og reglur sem ber að fylgja við val á þeim	2.5.1995
95-0031-B	Ráðherraþingarmáli um breytingu á ráðherraþingarmælum frá 28. júlí 1978 um tengiklær og tengingar færanlegs búnaðar, samkvæmt konungsráðgjafi frá 23. mars 1977 um öryggis-kröfur fyrir ákveðnar rafknúar vélar, rafbúnað og -lagnir	2.5.1995
95-0032-UK	Skýrgreining samkvæmt 6. mgr. 22. gr. á staðli þar sem tilgreindar eru tæknikröfur um afkastagetu heyrnartólta á einföldum sínum sem tengja á beint við hliðræna almenna símstöðvakerfið (public switched telephone network, PSTN)	26.4.1995
95-0033-UK	Skýrgreining samkvæmt 6. mgr. 22. gr. á kröfum um aukabúnað á notendabúnað sem á að tengja við hliðrænar leigulínur í grunnbandi í almenna fjarskiptanetinu í Breska konungsríkinu	26.4.1995
95-0034-I	Tæknileg reglugerð um brunavarnir við hönnun, smíði og rekstur vörugemsla þar sem geymdar eru vetnis-alkóhóllausnir	27.4.1995
95-0035-I	Tæknileg reglugerð um almenn skilyrði til að sannreyna öryggi bygginga og hleðslu og tæknistaðla um hleðslu og ofhleðslu	27.4.1995
95-0036-F	SP-DRG-R RS-16, nóvemberútgáfa 1994: tækniforskriftir fyrir sendingar og móttöku fyrir persónuleitarþjónustu, þar sem notaðar eru stutt-, UHF- og VHF-bylgjur	1.5.1995
95-0037-I	Drög að fyrirmælum um breytingu á fyrirmælum frá 21. mars 1983 um viðurkenningu á búnaði til að greina alkóhólstyrk í lofti sem menn anda frá sér (alkóhólsmælir)	2.5.1995
95-0038-A	Ráðherraúrskurður frá fjármála- og samgönguráðherra um flutning á dýrum á fæti (Tiertransportgesetz-Durchführungsverordnung)	8.5.1995
95-0039-A	RVS 5.262 Kílómetramælir	10.5.1995
⁽³⁾ ⁽⁴⁾		

⁽¹⁾ Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

⁽²⁾ Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

⁽³⁾ Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

⁽⁴⁾ Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.

Frankvæmdastjórnin vekur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjttíð. EB nr. C 245, 1. 10. 1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda drögin til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Frankvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. 3. 1989 bls. 3 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. 5. 1994, bls. 8.

DÓMSTÓLLINN

Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna⁽¹⁾

95/EES/10/10

Skipun dómara í deildir. Í kjölfar stækkunar bandalagsins hefur dómstóllinn á fyrsta dómstigi tekið ákvörðun um skipun í deildir fyrir dómsárið 1994/1995.

Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna⁽¹⁾

95/EES/10/11

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 17. janúar 1995 í máli C-360/92 P: Samtök útgefenda gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (áfrýjun - samkeppni - fyrirkomulag hvað varðar nettóverð á bókum - beiðni um undanþágu samkvæmt 3. mgr. 85. gr. hafnað - óhjákvæmilegt að takmarka samkeppni).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 17. janúar 1995 í máli C-93/94: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Hollandi (vanefnd skuldbindinga - tilskipun ráðsins 90/667/EBE - vanefnd á að taka upp ákvæði innan tilskilins frests).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 19. janúar 1995 í sameinuðum málum C-351/93, C-352/93 og C-353/93 (beiðni um forúrskurð frá College van Beroep voor het Bedrijfsleven): Fitmay Ltd og H.A. van der Linde gegn Minister van Landbouw, Natuurbeheer en Visserij og Tracotex Holland BV gegn Minister van Landbouw, Natuurbeheer en Visserij (sameiginleg skipulagning á markaði með vörur sem eru unnar úr ávöxtum og grænmeti - innflutningur til bandalagsins á þurrkuðum þrúgum og Morello-kirsuberjum - jöfnunargjald ef lágmarksinnflutningsverð er ekki virt - ákvörðun um gildandi innflutningsverð - útvíkkun á valdsviði yfirvalda aðildarríkjanna).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 19. janúar 1995 í máli C-66/94: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Belgíu (vanefnd aðildarríkis á skuldbindingum sínum - vanefnd á að taka upp tilskipun).

Dómur dómstólsins frá 24. janúar 1995 í máli C-359/93: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Hollandi (útboðsauglýsingar fyrir opinbera vörukaupasamninga - endurskoðuð málsmeðferð - tilkynning - tækniforskriftir).

Mál C-1/95: Beiðni um forúrskurð frá Bayerisches Verwaltungsgericht, Ansbach, samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 23. nóvember 1994 í stjórnslumáli Hellen Gerster gegn Freistaat Bayern.

Mál C-3/95: Beiðni um forúrskurð frá Landgericht Dortmund samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 27. desember 1994 í máli Reisebüro Broede gegn Gerd Sandker.

Mál C-4/95 og C-5/95: Beiðni um forúrskurð samkvæmt fyrirmælum Landessozialgericht Nordrhein-Westfalen frá 25. nóvember 1994 í málum Fritz Stöber gegn Bundesanstalt für Arbeit og José Manuel Piosa Pereira gegn Bundesanstalt für Arbeit.

Mál C-6/95: Beiðni um forúrskurð samkvæmt fyrirmælum Schleswig-Holsteinisches Landessozialgericht frá 28. nóvember 1994 í máli Aororita Hanßen gegn Bundesanstalt für Arbeit.

⁽¹⁾ Sjá Stjttö. EB nr. C 54, 4. 3. 1995.

Mál C-7/95 P: Máli áfrýjað þann 13. janúar 1995 af John Deere Ltd gegn dómi sem kveðinn var upp þann 27. október 1994 af annarri deild dómstóls Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi í máli T-35/92 milli John Deere Ltd og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna.

Mál C-8/95 P: Máli áfrýjað þann 13. janúar 1995 af New Holland Ford Ltd gegn dómi sem kveðinn var upp þann 27. október 1994 af annarri deild dómstóls Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi í máli T-34/92 milli Fiatagri UK Ltd og New Holland Ford Ltd og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna.

Mál C-9/95: Mál höfðað þann 16. janúar 1995 af Konungsríkinu Belgíu gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-10/95 P: Mál áfrýjað þann 4. janúar 1995 af Asociación Española de Empresas de la Carne (Asocarne) gegn fyrirmælum fyrstu deildar dómstóls Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi frá 20. október 1994 í máli T-99/94 milli Asociación Española de Empresas de la Carne (Asocarne) og ráðs Evrópusambandsins.

Mál C-11/95: Mál höfðað þann 13. janúar 1995 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Belgíu.

Mál C-13/95: Beiðni um forúrskurð frá Arbeitsgericht Bonn samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 30. nóvember 1994 í máli Ayse Süzen gegn Zehacker Gebäudereinigung GmbH Krankenhausservice, í samaðild með Lefarth GmbH.

Mál C-14/95: Mál höfðað þann 17. janúar 1995 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Belgíu.

Mál C-15/95: Beiðni um forúrskurð frá Tribunal de Grande Instance de Morlaix samkvæmt dómi þess dómstóls frá 14. desember 1994 í máli E.A.R.L. de Kerlast gegn 1. Union Régionale de Coopératives Agricoles (UNICOPA) og 2. Coopérative du Trieux.

Mál C-16/95: Mál höfðað þann 18. janúar 1995 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Spáni.

Mál C-17/95: Mál höfðað þann 18. janúar 1995 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Frakklandi.

Fyrirmæli dómstólsins frá 10. janúar 1995 í máli C-1/94 SA: Dupret SA gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (beiðni um heimild til að birta kyrrsetningarúrskurð á hendur framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna).

Mál C-253/94 P og C-264/94 P: Málum áfrýjað þann 15. og 21. september 1994 af Olivier Roujansky og Jacques Bonnamy gegn fyrirmælunum sem gefin voru þann 14. júlí 1994 af annarri deild dómstóls Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi í málum T-584/93 og T-179/94 milli aðila sem áfrýjuðu þessum málum og ráðs Evrópusambandsins.

Drengskaparyfirlýsing nýrra starfsmanna við dómstól Evrópubandalaganna.

Drengskaparyfirlýsing nýrra starfsmanna við dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi.

Dómstóllinn samþykkt á fundi þann 25. janúar 1995 ákvarðanir um tilnefningu deildarforseta og skipan í deildir, skiptingu dómara milli deilda og reglur um hvernig þær skuli skipaðar.

Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi⁽¹⁾ 95/EES/10/12

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 12. janúar 1995 í máli T-102/92: Viho Europe BV gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (samkeppni - kvartanir - höfnun - samningar, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir - fyrirtækjasamstæður - 1. mgr. 85. gr. sáttmálans).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi (þriðja deild) frá 12. janúar 1995 í máli T-85/94: Eugénio Branco Lda gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (Félagsmálasjóður Evrópu - beiðni um ógildingu ákvörðunar um að draga úr upphaflega veittri fjárhagsaðstoð - rökstuðningur - málaferli vegna vanefnda).

Fyrirmæli dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 11. janúar 1995 í máli T-116/94: Cassa Nazionale di Previdenza ed Assistenza a favore degli Avvocati e Procuratori gegn ráði Evrópusambandsins (beiðni um ógildingu - reglugerð (EB) nr. 3604/93 um skilgreiningar vegna beitingar á banni hvað varðar forréttindaaðgang sem um getur í 104 gr. a í EB-sáttmálanum - mál ekki dómtækt).

Mál T-1/95: Mál höfðað þann 9. janúar 1995 af Christian Vahrenkamp gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-2/95: Mál höfðað þann 9. janúar 1995 af Industrie des Poudres Sphériques (I.P.S.) gegn ráði Evrópusambandsins.

Mál T-3/95: Mál höfðað þann 11. janúar 1995 af Hans-Theo Wellmann gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-5/95: Mál höfðað þann 16. janúar 1995 af Amicale des Résidents du Square d'Auvergne gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

(¹) Sjá Stjútíð. EB nr. C 54, 4. 3. 1995.